

Lagabreytingatillögur á lögum STÍ vegna
skotþings 25. Apríl 2026

Þingskjal nr. 1

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



2. grein

STÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll þau félög innan ÍSÍ sem iðka æfa og keppa í skotíþróttum skv. reglum STÍ og þeirra alþjóðasambanda sem aðild er að, geta orðið aðilar að STÍ.

Breytingin verði:

2. grein

~~STÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga.~~ **Skotíþróttasamband Íslands, STÍ, er samband íþróttafélaga innan héraðssambanda og íþróttabandalaga.** Öll þau félög innan ÍSÍ sem iðka æfa og keppa í skotíþróttum skv. reglum STÍ og þeirra alþjóðasambanda sem aðild er að, geta orðið aðilar að STÍ.

Greinagerð

Tilgangur lagabreytingatillögu er að skýra hvernig sambandið er uppbyggt og það sé skýrt að aðild að STÍ komi í gegnum íþróttahéruðin.

Þingskjal nr. 2

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



6. grein

Reikningsár STÍ er almanaksárið

Breytingin verði:

6. grein Reikningsár STÍ er almanaksárið. **Skoðaðir reikningar skulu liggja fyrir fjórum vikum fyrir þing ár hvert.**

Greinagerð

Tilgangur lagabreytingatillögu er að það komi fram sú skylda að ársreikningar skulu liggja fyrir ákveðinn tíma og vera skoðaðir

Þingskjal nr. 3

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



7. grein

Skotíþróttaping er æðsta framkvæmdavald um málefni STÍ. Skotíþróttaping skal haldið í janúar til maí ár hvert og skal þingið boðað bréfllega eða með rafrænum hætti t.d. með tölvupósti, með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Stjórn STÍ tekur ákvörðun um fundarstað

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á skotíþróttapingi, skulu tilkynnt stjórn STÍ bréfllega minnst 3 vikum fyrir þing. Þó getur þingið tekið fyrir ný mál, sem ekki uppfylla þetta skilyrði, ef það er samþykkt með 2/3 atkvæða þingfulltrúa. Stjórn STÍ skal tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum sem borist hafa minnst 14 dögum fyrir þing. Skotíþróttaping er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Breytingin verði:

Skotíþróttaping er æðsta framkvæmdavald um málefni STÍ. Skotíþróttaping skal haldið í janúar til maí ár hvert og skal þingið boðað bréfllega eða með rafrænum hætti t.d. með tölvupósti með sannanlegum hætti, með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum STÍ og íþróttahéruðum sem aðildarfélögin tilheyra.

Stjórn STÍ tekur ákvörðun um fundarstað.

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á skotíþróttapingi, skulu tilkynnt stjórn STÍ bréfllega skriflega minnst 3 4 vikum fyrir þing. Þó getur þingið tekið fyrir ný mál, sem ekki uppfylla þetta skilyrði, ef það er samþykkt með 2/3 atkvæða þingfulltrúa. Stjórn STÍ skal tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum sem borist hafa minnst 14 dögum fyrir þing.

Skotíþróttaping er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Greinagerð: Tilgangur lagabreytingatillögu er að gera ákvæðið tímalausara, með því að taka til tækninýjunga, það eru margir möguleikar til að koma þingboði út með sannanlegum hætti og hefur aðferðin breyst í gegnum árin, og núna er notaður tölvupóstur. Aðrar tækninýjungar gætu rutt sér til rúms í þeim efnum. Bætt er við ákvæði um hverjum skuli senda fundarboðið en það eru aðildarfélög og íþróttahéruð. Einnig er ákvæði um 3 vikna frest til að skila in þinggögnum færður í 4 vikur

Þingskjal nr. 4

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



8. grein

Skotíþróttaping sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda STÍ.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda skotíþróttanna. Fyrir 20 til 200 iðkendur koma 2 fulltrúar og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja byrjaða 150 þar fram yfir, þar til að fulltrúafjöldi hefur náð 10 en þá kæmi 1 fulltrúi fyrir hverja byrjaða 300 eftir það.

Kjörgengi og kosningarétt til skotíþróttapings hafa þeir félagar skotíþróttafélaga sem náð hafa 18 ára aldri. Á skotíþróttapingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra hafa eftirtaldir rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt.

- a) Stjórn og varastjórn STÍ
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Allir nefndarmenn STÍ
- d) Auk þess getur stjórn STÍ boðið öðrum til þingsetu telji hún ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar skotíþróttina innan sérráðs eða héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á skotþingi. Hver fulltrúi fer með 1 atkvæði. Þó má heimila að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði en aðeins atkvæði þess sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltrúi fyrir. Þessi heimild á við þegar fulltrúi hefur forfallast eða ef langt er eða kostnaðarsamt að sækja þing. Þessi undanþága á ekki við fulltrúa sem búsettir eru þar sem þing er háð nema um skyndileg forföll sé að ræða. Umboð sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði skal vera skriflegt og frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

Breytingin verði:

8. grein

Skotíþróttabing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda STÍ.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir ~~tölu~~ fjölda iðkenda skotíþróttu, innan hvers aðildarfélags. Fyrir 20 til 200 iðkendur koma 2 fulltrúar og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja byrjaða 150 þar fram yfir, þar til að fulltrúafjöldi hefur náð 10 en þá kæmi 1 fulltrúi fyrir hverja byrjaða 300 eftir það. Aðildarfélög skulu vera skuldlaus við STÍ þegar þingið hefst til að halda atkvæðisrétti.

Kjörgengi og kosningarétt til skotíþróttabings hafa þeir félagar skotíþróttafélaga sem náð hafa 18 ára aldri. Á skotíþróttabingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra hafa eftirtaldir rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt.

- a) Stjórn og varastjórn STÍ
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Einn fulltrúi hvers íþróttahéraðs sem aðildarfélög tilheyra.
- d) Allir nefndarmenn STÍ
- e) Auk þess getur stjórn STÍ boðið öðrum til þingsetu telji hún ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar skotíþróttina innan ~~séráðs eða~~ ~~héraðssambands~~ aðildarfélags er kjörgengur fulltrúi þess á skotþingi. Hver fulltrúi fer með 1 atkvæði. Þó má heimila að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði en aðeins atkvæði þess ~~séráðs eða~~ héraðssambands aðildarfélags sem hann er fulltrúi fyrir. Þessi heimild á við þegar fulltrúi hefur forfallast eða ef langt er eða kostnaðarsamt að sækja þing. Þessi undanþága á ekki við fulltrúa sem búsettir eru þar sem þing er háð nema um skyndileg forföll sé að ræða. Umboð sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi fari með 2 eða fleiri atkvæði skal vera skriflegt og frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

Greinagerð: Tilgangur lagabreytingatillögu er að laga orðalag. Í breytingartillögunni er lagt til þá breytingu að aðildarfélög sendi fulltrúar á STÍ þing og fylli út kjörbréfin. Þannig verði tekið af sú hefð að íþróttahéruðin fái úthlutað sætunum á þingið, og aðildarfélögin í staðinn sendi fulltrúa. Á móti verði bætt við að hvert íþróttahérað eigi sæti með málfrelsis og tillögurétt á þinginu.

Þingskjal nr. 5

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



9.grein

Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar og tilkynningarfresti má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings.

Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa nýjan fulltrúa í stað þess sem hættur er að starfa innan viðkomandi héraðssambands eða skotráðs eða hefur forfallast og verður kjörtímabil hans jafnlangt þess sem áður var fulltrúi.

Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda sömu reglur um aukaping og reglulegt þing.

Breytingin verði:

9.grein

Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar og tilkynningarfresti má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings.

Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa nýjan fulltrúa í stað þess sem hættur er að starfa innan viðkomandi héraðssambands eða skotráðs **aðildarfélags STÍ** eða hefur forfallast og verður kjörtímabil hans jafnlangt þess sem áður var fulltrúi.

Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda sömu reglur um aukaping og reglulegt þing.

Greinagerð:

Tilgangur lagabreytingatillögu er sami og í tillögu 4, að breyta því að fulltrúar koma frá aðildarfélagunum

Þingskjal nr. 6

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



10. grein

Störf skotiþróttapings eru:

Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði í kosningu skal kjósa um þá sem jafnmörg atkvæði fengu að nýju. Verði þeir aftur jafnir, ræður hlutkesti.

Einfaldur meirihluti ræður nema þegar um lagabreytingar sé að ræða. Við lagabreytingar þarf 2/3 greiddra atkvæða til að samþykkja tillögu.

Ársskýrslu STÍ skal leggja fjölritaða fyrir þingið eða gera aðgengilega á rafrænu formi.

Fundargerðir skotiþróttapings skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ, sambandsaðilum STÍ og aðildarfélögum innan þriggja mánaða frá þingslitum.

Breytingin verði:

10. grein

Störf skotiþróttapings eru:

Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði í kosningu skal kjósa um þá sem jafnmörg atkvæði fengu að nýju. Verði þeir aftur jafnir, ræður hlutkesti.

Einfaldur meirihluti ræður nema þegar um lagabreytingar sé að ræða. Við lagabreytingar þarf 2/3 greiddra atkvæða til að samþykkja tillögu.

Ársskýrslu STÍ skal leggja fjölritaða fyrir þingið eða gera aðgengilega á rafrænu formi.

Fundargerðir skotiþróttapings skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ, sambandsaðilum STÍ og aðildarfélögum **STÍ** innan þriggja mánaða frá þingslitum.

Þingskjal nr. 7

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



11. grein

Stjórn STÍ skipa 5 menn-, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi auk tveggja varamanna.

Formaður er kosinn til tveggja ára. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára og skulu aðeins kosnir tveir stjórnarmenn og einn varamaður í senn enda eigi þá tveir stjórnarmenn og einn varamaður eftir ár af sínu kjörtímabili.

Tilkynningar um framboð til stjórnar og formanns skulu berast fráfarandi stjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir auglýst þing. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er stjórn heimilt að framlengja framboðsfrestinn, enda sé það auglýst á heimasíðu sambandsins. Framboði til stjórnar STÍ skal fylgja yfirlýsing um stuðning við framboð frá stjórn skotíþróttafélags frambjóðanda.

Breytingin verði:

11. grein

Stjórn STÍ skipa 5 ~~menn~~-manns, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi auk tveggja varamanna.

Formaður er kosinn til tveggja ára. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára og skulu aðeins kosnir tveir stjórnarmenn og einn varamaður í senn enda eigi þá tveir stjórnarmenn og einn varamaður eftir ár af sínu kjörtímabili.

Tilkynningar um framboð til stjórnar og formanns skulu berast fráfarandi stjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir auglýst þing. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er stjórn heimilt að framlengja framboðsfrestinn, enda sé það auglýst á heimasíðu sambandsins. Framboði til stjórnar STÍ skal fylgja yfirlýsing um stuðning við framboð frá stjórn skotíþróttafélags frambjóðanda.

Greinagerð: Tilgangur lagabreytingatillögu er að laga orðalag að nútímanum

Þingskjal nr. 8

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfarandi tillögu frá stjórn STÍ:



12.grein

Kærugjald skal fylgja lögum og reglum viðkomandi alþjóðasambands. Kærugjald endurgreiðist ef kærandi vinnur málið.

Greinagerð: Lagt til að fella niður þessa grein, þar sem hún á ekki heima í lögum sambandsins heldur í móta- og keppnisreglum STÍ. Breytingar verði þá á númerum greina í lögunum eftir ef þessi breyting verður samþykkt. Grein 13 verði þá númer 12 og svo koll af kolli.

Þingskjal nr. 9

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfaranditillögu frá stjórn STÍ:



15. grein

Skotsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar STÍ. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að móti lýkur. Ársskýrslur héraðssambanda um störf sérráða og nafnalista virkra félaga í umdæminu skal senda stjórn STÍ fyrir 1.ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur þeirra á skotíþróttþingi sbr. 8.gr.

Sé ofantöldum skilyrðum ekki framfylgt geta skotsérráðin (héraðssamböndin) misst hlutgengi sitt til skotíþróttþings með úrskurði stjórnar STÍ.

Breytingin verði:

14. grein

Aðildarfélögum STÍ ber að skila skýrslum vegna sinna starfa í skilakerfi ÍSÍ sem notast er við hverju sinni í síðasta lagi fyrir þann frest sem ÍSÍ setur um þau skil.

Sé ofan töldum skilyrðum ekki framfylgt geta aðildarfélögin misst hlutgengi sitt til skotíþróttþings með úrskurði stjórnar STÍ.

Greinagerð: Tilgangur lagabreytingatillögu er að fell á brott reglum um skilum á skýrslu til íþróttahéraðs, en það er fjallað um það í reglum hvers íþróttahéraðs, jafnframt er kveðið á skyldu aðildarfélagana að skila skýrslu til ÍSÍ og er það áréttaði í lögum STÍ. Í dag er skilafrestur 15. Apríl en rétt er að festa ekki í lögum dagssetningu heldur miða við það sem ÍSÍ gefur út hverju sinni.

Þingskjal nr. 10

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfaranditillögu frá stjórn STÍ:



17. grein

Stjórn STÍ hefur frjálsan aðgang að öllum skotíþróttamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda STÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda, sem aðilar eru að sambandinu.

Breytingin verði:

~~17.~~ 16. grein

Stjórn STÍ hefur frjálsan aðgang að öllum skotíþróttamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda STÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, **og** dómarafélaga ~~og héraðssambanda~~, sem aðilar eru að sambandinu.

Greinagerð: Þessi grein stangast á við lög héraðssambanda og það að sérsambönd eru ekki með aðild að héraðssamböndum og hafa því ekki rétt til setu á þeirra ársþingum/aðalfundum nema þeim sé sérstaklega boðið sem gestum.

Þingskjal nr. 11

48. skotþing STÍ, haldið í Reykjavík 25. Apríl 2026

Samþykkir eftirfaranditillögu frá stjórn STÍ:



19. grein

Tillögur um að leggja STÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu skotíþróttabingi. Til að slík tillaga hljóti þarf minnst 3/4 atkvæða. Hafi tillaga þessa efnis verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslu og síðan skal tillagan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá aftur samþykkt er það fullgild ákvörðun um að leggja STÍ niður og skal þá afhenda ÍSÍ eignir STÍ til varðveislu.

Breytingin verði:

~~19.~~ 18. grein

Tillögur um að leggja STÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu skotíþróttabingi. Til að slík tillaga hljóti þarf minnst 3/4 atkvæða. Hafi tillaga þessa efnis verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslu og síðan skal tillagan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá aftur samþykkt er það fullgild ákvörðun um að leggja STÍ niður og skal þá afhenda ÍSÍ eignir STÍ til varðveislu– **til 5 ára, en að þeim tíma liðnum ef ekki hefur komið til þess að sérsamband verði stofnað um skotíþróttir, renna eignir inn í ÍSÍ.**

Greinagerð: Tilgangur lagabreytingatillögu er að skýra nánar þetta ákvæði, þar sem ekki kom fram tímafrestur né hvað skuli gera svo. Hugmyndin er að hætti sambandið þá leggist það í dvala, þ.e. eignir verði í „geymslu“ hjá ÍSÍ ef aftur kæmi sú staða að stofna þurfi sérsamband.